

# Jólaskemmtanir og stofujól

Föstudaginn 19. desember verða hin árlegu „Litlu jól“ í skólanum. Ráðgert er að þau taki um eina og hálf klukkustund hjá hverjum bekk fyrir sig. Eins og venjulega verður jólaguðspjallið flutt af nemendum 7. bekkja, auk þess sem 2. bekkur verður með tónlistaratriði. Þá verða sungin jólalög og dansað í kringum jólatréð. Síðan heldur hver bekkur til sinnar stofu og heldur „Litlu jól“ með umsjónarkennara sínum. Nemendur mæti sem hér segir (sjá töflu til hægri):

**Kl. 8:30 - 10:00**

1. GP
2. AJ
3. EE
4. MÓ
5. KG
6. ÞE
8. SV

**Kl. 10:00-11:30**

1. KP
2. SG
3. GH
5. BG
6. EP
8. VG
9. KÓ
10. SN

**Kl. 11:30-13:00**

2. IP
3. AH
4. HE
5. HT
7. EE
7. ÞG
9. SP
10. GH

## Vinningshafar í ljóðsamkeppni

Á haustdögum var haldin ljóðsamkeppni ungs fólks á aldrinum 9-16 ára á vegum Þallar, sem er samstarfshópur um barnamenningu á bókasöfnum. Margir nemendur í Heiðarskóla tóku þátt. Alls voru send inn 131 ljóð frá 99 skáldum í Reykjanesbæ. Það var ákveðið að velja sextán skáld í úrslit og voru átta af þeim úr Heiðarskóla. Í nóvember var verðlaunaafhending í Duus-húsum. Fjögur skáld af þessum sextán sem komust í úrslit voru sérstaklega verðlaunuð og áttum við tvo af þeim þá Magnús Þór Magnússon og Kristján Helga Olsen báða úr 6. ÞG. Þetta er glæsilegur árangur hjá nemendum í Heiðarskóla.



Nemendurnir sem fengu birt ljóð eftir sig: Eyjólfur, Sigurður, Elín Óla, Sandra Dögg, Kristjana, Elva Björk, Kristján Helgi og Magnús.

## Jólafrí og mæting eftir áramót

Jólafrí nemenda hefst laugardaginn 20. desember. Nemendur mæti aftur í skólann mánudaginn 5. janúar 2004 samkvæmt stundaskrá.



## Jólaþakveðja

Starfsfólk Heiðarskóla óskar nemendum, foreldrum og öðrum aðstandendum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, með þökk fyrir ánægjulegt samstarf á árinu sem er að líða.

# Menningarstund í nóvember

Miðvikudaginn 26. og fimmtudaginn 27. nóvember komu allir nemendur Heiðarskóla á sal skólans á Menningarstund. Þennan mánuðinn voru það nemendur í 2., 4., 6., 8. og 10. bekk sem sýndu atriði fyrir skólasystkini sín. Eins og á Menningarstundinni í október voru atriðin mjög fjölbreytt. Nemendur í 10. bekk fluttu tónlistaratriði. Þrjár stúlkur spiluðu á þverflautu og fiðlur og tvær hljómsveitir stigu á stökk. Nemendur úr 8. bekkjunum sýndu atriði úr Hringadróttinsögu og var verkið að hluta til flutt á ensku. Nemendur í 6. bekk sýndu mörg skemmtileg atriði m.a. dans, nokkrur leikrit, sungu tvö lög, sýndu furðuföt og enduðu á að dansa. Nemendur í 4. bekk sýndu leikrit, lásu upp ljóð og síðan stigu á stökk nokkrar stúlkur sem spiluðu á gítar og píanó og sungu. Nemendur í 2. bekk sungu, spiluðu á blokkflautur og fleiri hljóðfæri og fóru með haustljóð. Það var gaman að sjá að allir sem höfðu áhuga á fengu hér tækifæri til að koma fram og taka þátt í skemmtilegri stund.



## 9. bekkur í sjóferð með skólaskipinu Dröfn

Nemendum í 9. bekk var boðið upp á kynnisferð með hafrannsóknaskipinu Dröfn í nóvember. Þetta verkefni er unnið í samvinnu Fiskifélagsins, Hafrannsóknastofnunar og sjávarútvegsráðuneytisins. Í ferðinni fengu nemendur fræðslu um sjávarútveg og vistkerfi hafsins, allt frá minnstu þörungum til hvala. Um borð er líkan af trolli og nót og sýndi stýrimaðurinn hvernig þau veiðafæri virka. Síðan var trolli dýft í sjóinn. Aflinn var aðallega seiði sem sleppt var aftur og smáýsur. Krakkarnir fengu svuntur og hanska, gerðu að aflanum og könnuðu líffæri og tegundir undir leiðsögn fiskifræðings. Mikið var um skræki og ojjjjjjj, en flestir tóku til hendinni og lærðu handtökin við aðgerðina. Ferðirnar eru mjög skemmtileg viðbót við skólastarfið og kunnum við gestgjöfunum bestu þakkir fyrir.



## Vináttupema í 4. bekk

Í nóvember var vináttupema í 4. bekk. Við gerðum ýmislegt skemmtilegt og fróðlegt. Það var t.d. dregið í „vinahópa“ áður en börnin fóru í frímínútur og áttu hóparnir að leika sér saman úti. Þegar börnin komu inn var spurt hvernig hefði gengið hjá hópunum og talað saman um það. Börnunum fannst það mjög spennandi með hverjum þau myndu lenda í hóp. Við skoðuðum málshætti sem eru tengdir vináttu og góðmennsku. Síðan blönduðum við bekkjunum saman og bjuggum til fjögurra manna hópa. Hóparnir fengu fjóra málshætti til að skrifa niður og skreyta. Þessi vinna gekk mjög vel og gaman að sjá hversu vel gekk að blanda bekkjunum saman. Við töluðum saman um hve vinátta væri mikilvæg og að allir hefðu rétt á því að vera eins og þeir eru. Einnig töluðum við saman um traust. Börnin gerðu vinaljóð og settu þau upp í tölvu og prentuðu út. Fyrir jólin mun svo koma út ljóðabók bekkjanna.



## KORTAGERI HEIÐARSKÓLA

Víkuna 24. - 28. nóvember var líf og fjör í textilmenni og smíði en þá var verið að endurvinna pappír sem annars færi í ruslið. Um leið og hugað var að umhverfisvernd bjuggu nemendur til fallegan pappír sem þau síðan skreyta og senda sem jólakort. Tókst þessi vinna mjög vel og var gaman að sjá hvað „ónýtur“ pappír gat orðið að listaverki í höndum nemenda og kennara.



# Lestaráttak Heiðarskóla



Dagana 24. nóvember til 12. desember var sérstakt lestrarátak í Heiðarskóla. Allir nemendur skólans lásu á hverjum degi í a.m.k. 10 mínútur áður en hefðbundin kennsla hófst. Þegar nemandi hafði lokið við bók skilaði hann umsögn um hana á sérstöku formi. Þessi form prýða nú veggi skólans og sýnilegt er að nemendur hafa sýnt þessu verkefni mikinn áhuga og lesið mikið þessar vikur.

Heiðarskóli er einnig þátttakandi í verkefninu Læsi til framtíðar og eru bundnar vonir við að með markvissri áherslu á lestur aukist lestrarfærni nemenda og lesskilningur.



## LEIKSÝNINGAR ■ DESEMBER

Í desember voru tvær leiksýningar fyrir 1. - 4. bekk og 5. - 7. bekk.

Möguleikhúsið sýndi Prumpuhólinn 4. desember fyrir 1. - 4. bekk. Stoppleikhópurinn sýndi Landnámu 10. desember fyrir 5. - 7. bekk. Greinilegt var að nemendur skemmtu sér hið besta yfir þessum sýningum.



## Niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. bekk.

Niðurstöður úr samræmdum prófum í 4. og 7. bekk frá því í október hafa nú borist. Nemendur í Heiðarskóla stóðu sig mjög vel í öllum prófunum og er starfsfólk skólans mjög stolt af sínum nemendum. **Til hamingju nemandur með þennan ágæta árangur.**

Samræmd einkunn á kvarðanum 1 - 10. Þær einkunnir sem nemandur fá með sér heim.

	Meðaleinkunn Heiðarskóla	Meðaleinkunn landsins
<b>4. bekkur</b>		
Stærðfræði	7,1	7,0
Íslenska	6,4	6,6
<b>7. bekkur</b>		
Stærðfræði	8,0	7,5
Íslenska	7,6	7,5

Ef skoðaðar eru normaldreifðar einkunnir skólans á kvarðanum 1 - 9 kemur í ljós að nemendur Heiðarskóla eru að standa sig mjög vel miðað við jafnaldra sína á landinu.

	Meðaleinkunn Heiðarskóla	Meðaleinkunn landsins
<b>4. bekkur</b>		
Stærðfræði	5,3	5,0
Íslenska	4,9	5,0
<b>7. bekkur</b>		
Stærðfræði	5,8	5,0
Íslenska	5,2	5,0

### Miklar framfarir.

Árið 2000 tóku nemendur sem nú eru í 7. bekk samræmt próf fyrir 4. bekk. Ef bornar eru saman niðurstöður úr þessum prófum kemur í ljós að nemandurnir eru að taka miklum framförum. Normaldreifðar einkunnir þeirra hækkuðu um 0,4 í íslensku og 0,9 í stærðfræði. Þessi þróun er mjög ánægjuleg og sýnir að nemendur eru á réttri leið og að þeir hafa stundað námið af alúð og metnaði.

## Olweusáætlun í Heiðarskóla

Heiðarskóli hefur unnið að Olweusaráætlun gegn einelti í heilt ár og gengur vel. Í haust höfum við verið að halda bekkjarfundi þar sem við setjum okkur bekkjarreglur gegn einelti og fjöllum um eina reglu á hverjum fundi. Á fundunum eiga krakkarnir að styrkjast í því að einelti sé atferli sem ekki lífst og hvaða leiðir við höfum til að koma í veg fyrir það. Fundirnir eru einnig kjörinn vettvangur til að ræða önnur mál bekkjarins. Nýverið fór starfsfólkið í Ævintýrahúsið Púlsinn þar sem lært var hvernig hægt er að nota leik til að setja sig í spor annarra og verður unnið með hlutverkaleiki tengda einelti á næstunni. Nú fer að koma að þætti foreldra í áætluninni og verða haldnir foreldrafundir á vorönninni og í tengslum við þá dreift bæklingnum: **Einelti meðal barna og unglunga. Ráðleggingar til foreldra.**

## Myndir úr skólalífinu



Í desember komu allir bekkir á sal skólans og sungu saman jólalög.



Piparkökubakstur í desember

# Viðhorfskönnun meðal foreldra - helstu niðurstöður

Mánudaginn 1. desember var foreldradagur í Heiðarskóla. Í tengslum við hann gerðum við **viðhorfskönnun meðal foreldra**.

Foreldrar svöruðu spurningum um viðtalið og skólastarf almennt. Góð þátttaka var í könnuninni því um 200 svör bárust.

- 91% fannst viðmótið í skólanum gott.
- 87% viðtalstíma stóðust.
- 99% fengu svör við öllum eða flestum spurningum sem þeir voru með.
- 92% leið vel í viðtalinu.
- 97% veit mjög vel hvar barnið þeirra stendur við lok fundar.
- 87% finnst börnin sín fá kennslu og námstilboð við hæfi.
- 94% finnst upplýsingagjöf skóla til foreldra vera mjög góð eða frekar góð
- 78% finnst heimavinna vera hæfileg.
- 98% er næstum alltaf eða venjulega ánægð með stjórnun skólans.
- 87% finnst fjöldi kannana og skyndiprófa á önn hæfilegur.
- 83% líst mjög vel eða vel á þriggja anna kerfi
- 70% foreldra myndu vilja fá tækifæri til að koma í skólann og taka þátt í skólastarfinu.



## Það sem þarf að skoða betur

Það sem kom ekki nógu vel út að okkar mati er að foreldrar eru ekki nógu duglegir að hafa samband við skólann. 12% foreldra sögðust aldrei hafa samband og 53% sögðust hafa samband kannski tvisvar á önn. Einungis 30% sagðist hafa samband einu sinni í mánuði og 6% foreldra hefur samband einu sinni í viku eða

oftar. Við viljum hvetja foreldra til að hafa samband við kennara skólans jafnvel þó að ekkert bjáti á. Það er gott fyrir okkur að vita að foreldrar fylgist með og hafi áhuga á því sem börnin þeirra eru að fást við.

## Mötuneytið

Annað sem einnig voru skiptar skoðanir um var viðhorf foreldra til matarins sem

börnunum er boðið upp á. 35% segjast oft ekki vera ánægð eða alls ekki ánægð. 30% eru hlutlaus gagnvart matnum og 35% eru mjög ánægð eða frekar ánægð. Það er ljóst að erfitt getur verið að gera öllum til hægis í þessum efnum þegar verið er að gefa miklum fjölda að borða. Við vonum þó að við getum bætt okkur á þessu sviði og skoðum nánar þennan þátt.

## Jólastemning á jólaföndurdegi

Það var sannkölluð jólastemning í Heiðarskóla laugardaginn 29. nóvember s.l. þegar Foreldrafélag Heiðarskóla stóð fyrir sínu árlega jólaföndri. Mæting var mjög góð og börn sem fullorðnir kepptust við að föndra sína hlutí. Það var greinilegt að þarna voru samankomnir margir listamenn. Til að auka á jólastemninguna var boðið upp á heitt súkkuláði og rjóma-vöflur, en nemendur úr 10. bekk áttu heiðurinn af þeim kræsingum.

## Dagur íslenskrar tungu

Í tilefni af Degi íslenskrar tungu sem var 16. nóvember fóru nemendur í 5. - 8. bekk í heimsókn í flesta bekki skólans föstudaginn 14. nóvember. Átta nemendur sem tilnefndir voru í ljóðsamkeppni Þallar fóru í bekki og lásu upp ljóðin sín. Drengir úr 8. VG fóru og lásu upp ljóð að eigin vali.



*Fjölskyldur föndruðu saman á þessum skemmtilega degi.*